

Nd.

447. Frumvarp til laga

[194. mál]

um breyting á lögum nr. 75 27. apríl 1962, um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum.

Fhm.: Ágúst Þorvaldsson, Halldór E. Sigurðsson, Ingvar Gíslason.

1. gr.

Aftan við 6. gr. laganna bætist:
svo sem dráttarvéla, heyvinnuvéla, garðyrkjuvéla, jarðyrkjuvéla, mjaltavéla, mjólkurkælivéla og mjólkurtanka, enn fremur til tæknibúnaðar í sláturhúsum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Á hverju ári koma fram nýjungar í véltækni. Gamlar aðferðir verða úreltar og nýjar koma í staðinn. Allur atvinnurekstur verður að fylgja þessari þróun. Nýjar vélar kosta mikið fé. Árlega verða bændur að kosta til, svo að nemur hundruðum milljóna, vegna endurnýjunar á vélum og tækjum vegna nýrrar tækni.

Nú er að ryðja sér til rúms ný tækni í sambandi við mjólkurframleiðslu, er stefnir að því að létta störf bænda og tryggja betur en áður hreinlæti við meðferð mjólkur og verja hana fyrir óhollum gerlagróðri og lækka kostnað við flutninga.

Mjaltavélar eru orðnar algengar, en nú er farið að byggja fjósín með sérstökum mjaltabásum og mjaltakerfum, þar sem mjólkinn rennur eftir lokuðu rörakerfi í mjólkurgeymi, sem kældur er með rafknúinni kælivél.

Bændur hafa mikinn hug á að taka upp geymslu og kælingu mjólkur í tönkum, en þá skortir fé til slíkra framkvæmda, sem eru alldýrar.

Með þessu frumvarpi eru ákvæði laganna um Stofnlánadeild landbúnaðarins um lán til véla- og tækjakaupa við búrekstur bænda gerð fyllri og taldar upp þær vélar og tæki, sem bæri að veita lán til, ef frumv. yrði að lögum. Eru þessi nýju ákvæði miðuð við þá tækni, sem ryður sér til rúms og allir bændur þurfa að hafa, eins og t. d. mjaltavélar, mjaltakerfi, mjólkurtanka og mjólkurkælivélar.